

Stjórnsýsluhús

Skipulags - og framkvæmdaráð

Ketilsbraut 7-9

640 Húsavík

Umsókn um breytingu á aðalskipulagi Norðurþings

Guðni R. Helgason og Anna S. Sigurgeirsdóttir, Sólbrekku 17. 640 Húsavík, óska eftir að gerð verði breyting á aðalskipulagi Norðurþings 2010-2030 í því skyni að deiliskipuleggja 1000 fm. lóð undir einbýlishús á tveimur hæðum á svæði sem í dag er skipulagt sem opið svæði til sérstakra nota.

Eins og kom fram í erindi sem sent var ráðinu þann 10. október sl. er um að ræða reit sunnan og ofan við núverandi byggingarsvæði í Hraunholti og norðan við nýja veginn upp að golfvelli.

Stefnt er að þettingu byggðar í Norðurþingi á komandi árum og fellur þessi viðbót vel að því markmiði þar sem þetta er frekar lítið svæði mitt á milli þegar deiliskipulagðra byggingarsvæða. Skipulag umrædds svæðis þarf þ.a.l. ekki endilega að haldast í hendur við skipulag annarra svæða á komandi árum heldur er þetta góð viðbót við það sem þegar hefur verið skipulagt þarna allt í kring.

Mikil vontun hefur verið á einbýlishúsalóðum á Húsavík undanfarin ár og ekki loka fyrir það skotið að slíkt ástand standi í vegi fyrir því að fjölskyldufólk geti flutt í bæinn og sest hér að. Myndi skipulag einnar lóðar á umræddu svæði vissulega ekki að leysa það ástand, en væri þó viðleitni til bóta.

Húsavík 24.10.2022

Guðni R. Helgason

Anna S. Sigurgeirsdóttir